



## Íslendingar eyða meiru í upplifanir

*Greiðslukortavelta jókst hlutfallslega mest milli ára í nóvember í þeim útgjaldaflokkum sem tengjast menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi.*

Við [greindum frá því](#) fyrr í vikunni að vísbendingar væru um að jólaverslunin færi vel af stað þar sem kortavelta Íslendinga jókst milli ára í nóvember bæði innanlands og erlendis, samkvæmt gögnum Seðlabankans. Rannsóknarsetur verslunarinnar (RSV) greinir síðan innlenda kortaveltu nánar eftir útgjaldaliðum<sup>1</sup> og þá sést að kortavelta jókst hlutfallslega mest milli ára í þeim flokkum sem teljast til menningar-, afþreyingar- og tómstundastarfsemi, alls um 9% milli ára að raunvirði.

### Tónleikar og aðrir viðburðir jólagjöfin í ár?


Aukning í kortaveltu var einnig áberandi á meðal þeirra liða sem teljast til veitingastarfsemi, en kortavelta var 6% meiri þar í nóvember í ár en í fyrra, miðað við fast verðlag. Það má því draga þá ályktun að Íslendingar hafi verið duglegri að fara út að borða og njóta samverustunda á tónleikum eða öðrum viðburðum núna í nóvember samanborið við nóvember í fyrra. Jafnvel má gera því skóna að fólk sé í auknum mæli að gefa slíkar upplifanir í jólagjöf.

Aðrir stærstu útgjaldaliðir kortaveltunnar annað hvort drógust saman eða jukust minna milli ára. Má þar helst nefna kortaveltu vegna eldsneytiskaupa og viðhalds bifreiða. Sá liður hefur jafnan verið um 15% af kortaveltu Íslendinga frá upphafi mælinga hjá RSV, sem var í mars 2017, en mældist 13% í nóvember og hefur dregist saman að raunvirði um 3% frá því í nóvember í fyrra.

### Kortavelta eykst einnig í verslunum


Íslendingar eru þó ekki alfarið að gefa upplifanir í jólagjöf, því kortavelta í verslunum jókst einnig milli ára í nóvember. Rúmlega helmingur af allri kortaveltu fór fram í verslunum og er velta í

Samsetning innlestrar kortaveltu í nóvember



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagfræðideild Landsbankans

Kortavelta eftir helstu útgjaldaliðum í nóvember



Raunbreyting milli nóvember 2019 og nóvember 2018. Velta raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

<sup>1</sup> Önnur flokkun er viðhöfð hjá RSV en Seðlabankanum þar sem kortaveltu er meðal annars skipt upp í mismunandi flokka verslunar og þjónustu. Gögn milli þessara aðila eru því ekki með öllu samanburðarhæf en vísa þó bæði til aukningar að raunvirði milli ára í nóvember.




stórmörkuðum og dagvöruverslunum þar fyrirferðamest, um 40% af allri veltunni, og jókst um 6% að raunvirði á milli ára.

### Fataverslun jókst hlutfallslega mest

Íslendingar virtust duglegir að kaupa sér ný föt fyrir jólin og jókst kortavelta í fataverslunum hlutfallslega mest allra stærstu undirliða verslunar í nóvember, alls um 10% milli ára. Velta í áfengisverslunum jókst einnig talsvert samanborið við nóvember í fyrra, eða um 9% að raunvirði.

Íslendingar virðast því hafa gert vel við sig í nóvember, bæði þegar kemur að verslun, en einnig notið góðra stunda á menningarviðburðum.

### Samsetning innlestrar kortaveltu í verslunum í nóvember



Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagfræðideild Landsbankans

### Kortavelta eftir tegund verslunar í nóvember



Raunbreyting milli nóvember 2019 og nóvember 2018. Velta raunvirt með VNV án húsnæðis. Heimild: Rannsóknarsetur verslunarinnar, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.